


Septem '81: „Sem partur af annarri eins „stofnun" og Septem er orðin, er hætt við að hver meðlima fái notið sín verr en réri hann einn á báti", segir Halldór Björn m.a. í umsögn sinni um sýninguna að Kjarvalsstöðum.

7x77 að Kjarvalsstöðum

Um síðustu helgi var hleypt af stokkunum, tíundu Septem-sýningunni (ef ég man rétt), undir heitinu Septem '81. Í ár, eru sjömenningarnir mættir til leiks, með 77 myndir. (Það er spurning, hvort þessi fjöldi er fyrirfram ákveðinn í samræmi við tölu hópsins).

Þessi sýning er eins og fyrri sýningar Septem, sölusýning og eru flest verkin til sölu. Undantekningar virðast vera höggmyndir Sigurjóns Ólafssonar og flestar myndir Þorvaldar Skúlasonar. Þetta má ráða af fremur ræfilslegri sýningarskrá, sem varla er boðleg tíu ára sýningarafmæli hópsins og gefur aðeins upp nöfn listamanna og mynda og verðgildi þeirra.

Kannski er sýningarskráin til marks um þá þreytu, sem



Myndlist

eftir Halldór Björn Runólfsson

og tregafull í öllu sínu bláa veldi. Þessi mynd er nánast andstæða „Electru" (4), sem telst til áður nefndra flugmynda.

Jóhannes er hér öllu markvissari en áður, þótt myndir hans séu smærri en á síðustu sýningu. Hann hefur dregið úr flækjum þeim, sem einkenndu stóru myndirnar og gerðu þær torræðar. Það er gaman að sjá tilraunir á borð við myndir nr. 39 og 44, þar sem óvenjuleg undirstaða lífgar mjög litasamspilið.

Myndir Karls Kvaran eru sennilega jafnbestar, þó ekki sé um miklar breytingar að ræða. Reyndar er still Karls ekki eins háður endurnýjun, vegna þeirrar sparsemi, sem ávallt hefur einkennt túlkunarmáta hans og knýr ekki eins á um breytingar. Þó eru myndir Karls, langt frá

greinilega er farið að gæta innan hópsins. Þá er erfitt að sýna ár eftir ár, án þess að reyna um of, þolrifin í listunnendum. Árlegur „jólamarkaður" er hverjum myndlistarmanni ofraun, nema hann taki þeim mun örari breytingum og þá helst stökkbreytingum, ellegar sýni undir hinum margbreytilegustu kringumstæðum

Það er langt í frá að hér sé hver einstaklingur innan heildarinnar svo lélegur, að árleg sýning og meira til, sé honum ofviða. En sem partur af annarri eins „stofnun" og Septem er orðin, er hætt við að hver meðlima fái notið sín verr, en reri hann einn á báti. Til frekari skýringa má taka kokteil-ávexti í dósum. Ferskjurnar og perurnar verða óneitanlega bragðminni, þegar þær liggja í sameiginlegum legi. Sýningargestir geta þó huggað sig við það, að áherslurnar innan hópsins, mjakast örlítið ár hvert.

Að þessu sinni, eru það þeir Karl Kvaran, Jóhannes Jóhannesson og Þorvaldur Skúlason, sem eiga heilsteyptasta próduktið á sýningunni. Það er að vísu nokkuð erfitt að átta sig á myndum sem ekki eru tímasettar, en það ætti að vera hættulítið að álykta, að hér sé um nýleg verk að ræða.

Reynist það rétt, má segja að Þorvaldur Skúlason sé á leiðinni út úr „flugmyndum" sínum, yfir í kyrrlátari myndbyggingu (sbr. nr. 9, 10 og 11). „Ljósaskipti" (10) er næsta rómantísk

því að vera snauðar að margbreytileik og innihaldi. Þegar betur er að gáð, eru tilbrigðin ríkuleg, þótt þeim sé haldið innan takmarka hnitmiðaðrar uppbyggingar.

Kristján Davíðsson sýnir þrjár teikningar, gerðar með indversku bleki. Svona einar og sér, ná þær ekki að sannfæra mann. Til þess eru þær of yfirborðslegar.

Valtýr er alltaf að breyta um mótív, án þsss að skipta um pallett, sem væri mun heppilegra. Ég fæ vart séð nokkra glætu í þessum uppstillingum, til þess eru litirnir of dauðir og drabbaðir og massakennd hlutanna léttvæg.

Löngum hef ég sýnt mikla þolinmæði, frammi fyrir myndum Guðmundu Andrésdóttur. En nú er mér öllum lokið. Ég fæ ekki betur séð en að þetta séu sömu myndirnar og hún sýndi í fyrra. Ef svo er ekki, eru þær samt sem áður eins og myndirnar, sem hún sýndi í fyrra.

Lestina rekur Sigurjón Ólafsson. Hann sýnir mikinn fjölda verka, öll unnin í tré. Einhvern veginn vantar í obbann, þann þrótt sem áður einkenndi viðarstykki Sigurjóns. Þótt nokkrar myndanna standi fyrir sínu, er heildin „manierísk", jafnvel skrautleg. Sennilega hefur Sigurjón haldið sig of lengi við rekann.

Það má því segja, að Septem '81 sé sýning, sem ekki ætti að fæla allt of marga frá vegna nýstárleika.

HÁSKÓLABÍÓ
☎ 2-21-40

Geimstríðið (Star Trek)



Ný og spennandi geimmynd. Sýnd í DOLBY STEREO. Myndin er byggð á afarvinsælum sjónvarpsþáttum í Bandaríkjunum.
Leikstjóri: Robert Wise
Sýnd kl. 6.45 og 9.

Mánudagsmyndin
Sakleysinginn (L'Innocente)

Den Uskyldige
Visconti's sidste filmmesterværk om et sensuelt, djævelsk ægteskab.



en film af Luchino Visconti

Afbragðsgóð og áhrifamikil mynd leikstýrð af Luchino Visconti.
Aðalhlutverk: Giangarlo Giannini og Laura Antonelly.
Sýnd kl. 5, 7.30 og 10.
Bönnuð innan 16 ára

Funny people
Fyndnasta mynd síðustu árin. Endursýnd kl. 5 og 11.15.
Sunnudag:
Tarsan og bláa styttan
kl. 3

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR
Jói
eftir Kjartan Ragnarsson
frumsýning, laugardag kl. 20.30
2. sýn., sunnudag kl. 20.30
Grá kort gilda.

AÐGANGSKORT
Sala aðgangskorta sem gilda á 5 ný verkefni vetrarins stendur nú yfir. Verkefnin eru:
1. JÓI, eftir Kjartan Ragnarsson.
2. YMJA ÁLMVIÐIR, eftir Eugene O'Neill.
3. SALKA VALKA, eftir Halldór Laxness.
4. HASSIÐ HENNAR MÖMMU, eftir Dario Fo.
5. Nýtt írskt leikrit, nánar kynnt síðar.
Miðasala í Iðnó er opin kl. 14 — 19. Upplýsinga- og pantanasími: 1 66 20.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ
Tónleikar og danssýning
listamanna frá Grúsíu á vegum MÍR
í kvöld kl. 20
Andspænis erfiðum degi
franskur gestaleikur
(að mestu látbragðsleikur)
laugardag kl. 20
Sala aðgangskorta stendur yfir
Miðasala kl. 13.15—20. Sími 11200

LAUGARÁS BÍÓ
Símsvari 32075
Amerika „Mondo Cane"



Ófyrirleitin, djörf og spennandi ný bandarísk mynd sem lýsir því sem „gerist" undir yfirborðinu í Ameriku, Karate nunnur, Topplaus bílaþvottur, Punk Rock, karlar fella föt, box kvenna, o.fl. o.fl.
Íslenskur texti.
Sýnd kl. 5,7,9 og 11.
Bönnuð börnum innan 16 ára.

STJÖRNUBÍÓ
☎ 1-89-36
Gloria



Æsispennandi ný amerísk verðlaunakvikmynd í litum. Leikstjóri John Cassavetes. Gena Rowland var útnefnd til Óskarsverðlauna fyrir leik sinn í þessari mynd.
Aðalhlutverk: Gena Rowland, Buck Henry, John Adames o.fl.
Sýnd kl. 5, 7.30 og 10.
Bönnuð börnum innan 12 ára.
Hækkað verð.


NÝJA BÍÓ
Lokahófið
„Tribute er stórkostleg". Ný glæsileg og áhrifarík gamanmynd sem gerir bíóferð ógleymanlega. „Jack Lemmon sýnir óviðjafnanlegan leik... mynd sem menn verða að sjá", segja erlendir gagnrýnendur.
Sýnd kl. 5, 7.15 og 9.30.
Hækkað verð.

HAFNARBÍÓ
Þriðja augað



Spennandi og skemmtileg ný litmynd um njósnir og leynivopn. Jeff Bridges — James Mason Burgess Meredith, sem einnig er leikstjóri.
Íslenskur texti
Bönnuð innan 14 ára
Sýnd kl. 5-7-9 og 11

REGNBOGINN
☎ 19 000
Salur A
Upp á líf og dauða (Deathhunt)



Leikstjóri Peter Hunt.
Aðalhlutverk: Lee Marvin, Charles Bronson.
Sýnd kl. 3, 5, 7, 9, og 11
Spennandi hasarmynd byggð á sannsögulegum atburðum.

Salur B
Spegilbrot



Spennandi og skemmtileg ensk-bandarísk litmynd eftir sögu Agöthu Christie, sem nýlega kom út í ísl. þýðingu, með Angela Lansbury og fjölda þekktra leikara.
Sýnd kl. 3.05, 5.05, 7.05, 9.05 og 11.05.

Salur C
Hugdjarfar stallsystur



Hörkuspennandi og bráðskemmtileg ný bandarísk litmynd, um röskar stúlkur í villta vestrinu.
Bönnuð börnum.
Íslenskur texti
Sýnd kl. 3, 5, 7, 9 og 11.

Salur D
Lili Marleen



Spennandi og skemmtileg ný þýsk litmynd, nýjasta mynd þýska meistarans Rainer Werner Fassbinder. Aðalhlutverk leikur Hanna Schygulla, var í Mariu Braun ásamt Giancarlo Giannini — Mel Ferrer
Íslenskur texti —
Sýnd kl. 3 — 6 — 9 og 11,15.
Síðustu sýningar